

**ERO** (**Euo**pean regional **o**rganisation) er eitt af fimm svæðasamböndum innan Alþjóðasambands tannlækna (FDI). Innan ERO eru nú eru nú 34 Evrópulönd og að auki Ísrael. Samtals 300.000 tannlæknar tilheyra þessu sambandi.

**CED** (**Council of European Dentists**) eru samtök tannlæknafélaga innan landa EB. Lönd sem eiga EES aðild (Ísland, Noregur og Sviss) og þau sem eru með umsókn um EB aðild eiga áheyrnarfulltrúa.

Aðalfulltrúaráðsfundir beggja þessara samtaka fara fram á vorin og voru að þessu sinni báðir á sama stað, í Porto (Portúgal), hvor í framhaldi af öðrum og sat undirritaður fundina sem fulltrúi TFÍ.

ERO-fundurinn stóð dagana 24. og 25. maí. Þann fund sóttu 69 fulltrúar frá 44 tannlæknafélögum í 35 löndum.

Stjórn ERO skipa fimm fulltrúar, núverandi forseti er frá Spáni, Jose Font-Buxo. Á dagskrá fundarins, auk venjulegra aðalfundarstarfa (reikningar og fjárhagsáætlun), var m.a.:

- Starfsemi sjálfstætt starfandi tannlækna í Evrópu.
- Útvíkkun ERO (fjölgun aðildarlanda og endurinnkoma fyrrum meðlima (t.d. Brelands)
- Prevention (samþykkt skilgreining á global tannheilsuáætlun )
- Endurmenntunarmál voru megin atriði fundarins seinni daginn
- Amalgam mjög til umræðu vegna áætlana um bann í Svíþjóð.

Að lokum flutti formaður portugalska tannlæknafélagsins fróðlegt erindi um tannlækningar í Portugal.

CED fundurinn var svo í framhaldi dagana 26. og 27. maí. Þann fund sátu 70 fulltrúar þeirra 24 landa sem eru meðlimir auk áheyrnarfulltrúa frá 6 löndum.

Stjórn CED skipa:
Formaður. Wolfgang Doneus (frá Austurríki), gjaldkeri og 6 meðstjórnendur.

Stjórnarkosning fór ekki fram að þessu sinni, en önnur venjuleg aðalfundarstörf, reikningar, fjárhag-sáætlun etc.

Auk þessa voru m.a. á dagskrá:

- Samkeppnismál
- Gjaldskrármál
- Samanburður á menntunarmálum á milli landa
- Codex ethicus
- Manual of dental practice
- Lagabreytingar ýmsar
- Breyting á nafni samtakanna úr DLC (Dental Liaison Commitee í CED
- Tannlýsingarefni (ný reglugerð mikið rædd)
- Amalgam, mikið rætt um væntanlega tillögu á þingi EB um bann við notkun amalgams og starf fulltrúa CED til að koma í veg fyrir samþykkt hennar. Samþykkt var á fundinum ályktun um nauðsyn amalgams til tannfyllinga.

Öll umgjörð fundanna þótti til fyrirmyndar, Móttökur Portugalanna og viðurgjörningur á allan hátt í sérflokki og snéru fundarmenn vel “portvínslegnir” heim að fundum loknum.

Sigurður Þórðarson

### Skýrsla Lyfjanefndar

Árið sem er að líða var óvenju viðburðaríkt hjá Lyfjanefnd. Á vormánuðum bárust skilaboð frá Heilbrigðisráðuneyti að til stæði að endurnýja reglugerð 105/2001 um heimild tannlækna að ávísa lyfjum. Boð voru látin út ganga til félaga TFÍ og þeir hvattir til að koma með tillögur og ábendingar er varðaði reglugerðina. Ágætis viðbrögð voru hjá félagsmönnum og kann Lyfjanefnd þeim bestu þakkir fyrir. Skemmst er frá að segja að í lok ágústmánaðar lauk vinnu þessari og mun Heilbrigðisráðherra gefa út nýja reglugerð fljótlega. Lyfjanefnd vill hvetja félagsmenn til að skoða reglugerðina vel þegar þar að kemur en þó nokkuð er um ný lyf og lyfjaflokka sem tannlæknar mega ávísa.

Tilvalið væri að halda kynningu á breytingunum á félagsfundi á haustmánuðum.

Lyfjanefndin vill þakka starfsmönnum heilbrigðisráðuneytis fyrir gott samstarf við undirbúning reglugerðarinnar.

Gott er fyrir tannlækna að hafa tannlæknamenntaðan starfsmann í ráðuneytinu sem skilur þarfir og þankagang okkar.

Sævar Pétursson

#### NEYÐARVAKT TFÍ

Þetta starfsár var fjöldi tannlækna við vaktina 21. Vaktin var sem áður milli kl. 11 og 13 alla laugardags- og sunnudagsmorgna og alla hátíðisdaga ársins. Engin neyðarvakt er um kvöld og nætur en vakthafandi tannlæknar sinna neyðartilvikum á virkum dögum á auglýstum opnunartímum.

Skipulag vaktarinnar fer fram í desember og geta félagsmenn skráð sig á vaktina eða sagt sigfrá henni. Auglýsing þar að lútandi mun birtast í Fréttabréf TFÍ í nóvember eða desember.

Anný Antonsdóttir

#### Skýrsla fulltrúa TFÍ í Sérfræðinefnd

Starf sérfræðinefndar var með hefðbundnum hætti sl.starfsár.

Þó nokkrar fyrirspurnir bárust nefndinni varðandi framhaldsnám í hinum ýmsu greinum tannlækninga og þær reglur og skilyrði, sem lúta að veitingu sérfræðingsviðurkenningar.

Ein umsókn um viðurkenningu, sem sérfræðingur, var afgreidd á árinu. Ragnheiður Hansdóttir, tannlæknir á Akureyri var viðurkennd, sem sérfræðingur í bitlækningum.

Nefndin vann töluvert starf varðandi tillögur að nýrri reglugerð um kröfur til sérfræðiviðurkenningar. Tilgangurinn er að samræma þær kröfur, sem við gerum, þeim sem gilda á öðrum Norðurlöndum og EB, þar sem þetta er orðið eitt vinnusvæði. Einnig hefur töluvert verið fjallað um hversu margar sérgreinar eigi að skilgreina og viðurkenna hér á landi og þá hverjar. Þær eru þegar orðnar 10 hér, en 2 í Danmörku, 6 í Noregi osfrv.

Ég vil enn og aftur hvetja þá kollega mína, sem eiga eftir að koma því í verk að fínþússa umsóknir sínar, að safna saman gögnum og leggja fyrir nefndina. Læknalög eru skýr hvað það varðar að enginn er sérfræðingur í tannlækningum (eða lækningum almennt) nema að fenginni viðurkenningu yfirvalda. Engin " sérmenntun" er til nema sú, sem viðurkennd er af þar tilgerðum yfirvöldum og því lagalega rangt að upphefja sig með því að gefa eitthvað í skin, sem ekki er samþykkt og leyfi fyrir.

Með bestu kveðjum.
 Jón Viðar Arnórsson, fulltrúi TFÍ í sérfr.nefnd

**NÝ HEIMASÍÐA  tannsi.is**

#### Skýrsla fulltrúa TFÍ í Úrskurðarnefnd NS og TFÍ

Á þessu ári hefur enginn fundur verið boðaður í Úrskurðarnefnd Neytendasamtakanna og TFÍ, enda hafa lögfræðingar nefndarinnar túlkað lög um sjúklingatryggingar nr.111/2000 á þann hátt, að kröfum vegna tjóns skuli beint til viðkomandi tryggingafélags. Hins vegar hafa komið upp mál sem varða samskipti sjúklinga og tannlækna sem eiga varla erindi til tryggingafélags, og væru betur komin hjá sáttanefnd félagsins, sem ekki er lengur till!

Björn Þorvaldsson.



#### Skýrsla Minjasafnsnefndar

Á þessu starfsári hefur nefndin haft hægt um sig frá því í ágúst 2005, en þing áhugamanna um sögu læknis- og tannlæknisfræðinnar fór fram hér í Reykjavík í þeim mánuði.

Um 100 læknar og tannlæknar frá ýmsum löndum tóku þátt í þessu þingi, sem tókst mjög vel. Minjasafn okkar var til sýnis á þessum dögum en alltof fáir komu í heimsókn til okkar. Formaður okkar og fjölskylda kom og færði nefndinni blóm og rauðvínsflösku sem verður ef til vill safngripur í náinni framtíð því hún er enn ódrukkin, þessi gjöf var fyrir vel unnin stórf hjá nefndinni.

Gjöf barst safninu frá Svend Richter, unit og stóll sem hér með er þakkað fyrir.

Um framtíð safnsins er fátt hægt að segja, en það er nú á hendi Þjóðminjasafnsins og Nesstofu. Ekki er enn farið að byggja við Nesstofu svo einhvern tíma tekur enn að safnið fái varanlegan samastað. Við minnum á okkur ef kollegar vilja leggja eitthvað til safnsins, en í nefndinni eru undirritaður, Ólafur Björgúlfsson og Guðmundur Rúnar Ólafsson.

Birgir Jóh. Jóhannsson

#### Skýrsla samninganefndar TFÍ

Núverandi samningur FTAT og TFÍ gildir til 30. apríl 2008. Þann 23. júní 2006 var gerður viðauki við samninginn um kjarabreytingar í samræmi við samkomulag ASÍ og Samtaka atvinnulífsins. Samkomulag þetta var kynnt félagsmönnum með tölvupósti.

Gísli Vilhjálmsson formaður samninganefndar

**Skýrsla ritstjóra Tanlæknablaðsins.**

Starf ritnefndar Tannlæknablaðsins var með hefðbundnu sniði sl. ár. Í ritnefnd sátu sl. ár auk ritstjóra þau Ásgeir Sigurðsson, Berglind Jóhannsdóttir og Jónas Geirsson. Blaðið kom út í tengslum við Ársping i nóvember 2005. Hins vegar er Árspingið haldið það snemma í ár að ekki er gjörlegt að koma blaðinu út fyrr en eftir það. Ritnefnd þakkar öllum þeim tannlæknum sem lagt hafa vinnu í að semja efni í blaðið og hvetur tannlækna til að vera áfram duglegir að senda okkur efni. Ásgeir Sigurðsson hverfur nú úr ritnefnd og þakkar ritstjóri honum vel unnin störf.

Ingibjörg S. Benediktsdóttir, ritstjóri

**Munið ársþing TFÍ 6. og 7. október**

**ÚTGEFANDI : TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS, SÍÐMÚLA 35**  
**105 REYKJAVÍK**  
**SÍMI 575 0500**  
**TANNSI@TANNSI.IS**  
**HTTP://WWW.TANNSI.IS/**  
**RITSTJ. OG ÁBM: SIGURJÓN BENEDIKTSSON**

**A ALFUNDUR TFÍ**  
**2006**  
**Hótel Nordica**

*fimmtudaginn 5. október*  
*klukkan 20:15*  
**Dagskrá**

*Venjuleg aðalfundarstörf*  
*Lagabreytingar/Siðareglur*  
*Kosningar*  
*Önnur mál*

**Skýrsla ritnefndar tannlæknatals 2006.**

**Skýrsla ritnefndar tannlæknatals 2006.**

Undirbúningur er hafinn að gerð nýs stéttartals tannlækna á Íslandi.

Á vordögum kom formaður félagsins að máli við undirritaðan og óskaði eftir að nýtt tannlæknatal kæmi út á afmælisári félagsins 2007.

Ritnefndin fór þegar í gang með málið. Var einhliða samkomulag um að fá Gunnlaug Haralds-son, þjóðháttافرæðing að starfinu.

Svo sem kunnugt er ritstýrði Gunnlaugur síðasta tali en 10 ár eru liðin frá útkomu þess. Samningur hefur verið gerður við hann og verður hann ritstjóri verksins og býr það til prentunar. Gunnlaugur hefur mikla reynslu af stéttatölum ýmiss konar.

Lýður Björnsson, sagnfræðingur reit sögu tannlækninga á Íslandi í síðasta tannlæknatal. Einhverjar viðbætur verða gerðar við þann kafla en það er allt á viðræðustigi enn sem komið er.

Ég vil nota tækifærið og biðja kollega að bregðast skjótt við þegar við leitum til þeirra eftir upplýsingum.

Í ritnefnd tannlæknatals eru:
 Gunnar Rósarsson, Gunnar Þormar Jónas B. Birgisson og Sigurjón Sigurðsson formaður.

# Skýrsla formanns

sem uppú stendur er að nú verður endur til það er hið opinbera sem ekki óskar eftir að samskipti við tannlækna komist í eðlilegt horf, - en ekki öfugt.

Þessi mál hafa alfarið verið unnin af formanni en verið kynnt stjórn. Öll þessi samskipti vegna samskipta við opinbera aðila hafa verið óformleg og engar skuldbindingar fylgt þeim aðrar en sem eðlilega fylgja því þegar tveir aðilar tala saman. Það hefur öllum aðilum verið ljóst allan tímann.

Mun ég fara nánar út í, um hvað hefur verið rætt ef þess er óskað en teldi þó réttara að biða með það fram að félagsfundi.

Formaður samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins hefur sótt um lausn og er það enn til að tefja að formlegar viðræður þjóni nokkrum tilgangi. Auk þess er ljóst er að heilbrigðisráðuneytið er að herða tök sín á þessum málum og færa þau fjær Tryggingastofnun ríkisins.

<p><i>hafðu samband</i> tanski@tanski.is</p>
<p>Fundur með félagasamtökum</p>

Formaður hefur gengið á fund nokkurra félagasamtaka samkvæmt þeirra beiðni. Það sem uppúr stendur af þeim heimsóknum er heimsókn til Félagssamtaka aldraðra. Þar voru í brúnni fyrrverandi þingmenn og embættismenn auk fólks sem vissi nákvæmlega hvað var um að vera. Var sá fundur sérstaklega skemmtilegur og sýndi að þessi hópur er virkur og öflugur í þjóðfélaginu. Þó önnur mál en tannlækningar brenni á þessum hóp þá fylgjast þau með og ég tel einboðið að tannlækna­stéttin sé þessum hóp innan handar í sínum baráttumálum sem flest eru sanngjörn. Þar á meðal er að endurgreiðsla tannlækna­reikninga fari beint inn á reikning viðkomandi í stað þess að þurfa að gera sér sérstaka ferð á opinbera afgreiðslu til að fá tannlækningastyrk Tr greiddan.

<p>Lyfjamál</p>
<p>Lyfjamál tannlækna hafur nokkuð borid á góma og er það undarlegt að tannlæknar skuli settir á sérstaklega þröngan bás hvað varðar lyfjaávisanir í nýjum reglugerðardrögum. Telja verður líklegt að hér sé ferðinni enn ein aðförin að stéttinni. Hjúkrunarfræðingar eru að sækja í sig veðrið og vilja fá að ávísa lyfjum og einhverjum hefur þótt tilvalið að setja upp lyfjaávísatrakmarkanir til reynslu um tannlækna til að hjúkrunarfræðingar geti síðan markað sinn bás eftir þá reynslu. Formaður og varaformaður ásamt fulltrúa lyfjanefndar voru boðuð á fund í heilbrigðisráðuneytinu vegna nýrrar lyfjareglugerðar. Þar voru embættismenn sem bitust um hvar ætti að sækja um hvað og fannst engin lausn á vanda tannlækna vegna lyfjaávisana sem eru orðnar afar takmarkaðar miðað við þaðsem áður var. Lyfjanefnd félagsins hefur staðið í þessu og ber á því ábyrgð.</p>

<p>Heimasíðan</p>
<p>Jafnframt þessu var tekin ákvörðun um að fríska upp á heimasíðu félagsins sem orðin var ansi lasburða. Vonast er til að það auðveldi okkur samskipti og létti félögum að finna efni um tannlækningar á veraldarvefnum. Heimasíðan er vistuð hjá hugbúnaðrfyrirtækinu Outcome og hefur veffangið http://www.tanski.is</p>



*September 2006*

**Ákvarðanir stjórnar : Uppsögn á samningi við auglýsingafyrirtæki**

Eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar var að taka tvær stórar ákvarðanir. Ákveðið var að segja upp samningi við auglýsingastofu sem hafði fengið tæpar 300.000 krónur mánaðarlega greitt frá félaginu til að standa í kynningarmálum þess. Þess í stað var ákveðið að gefa út fréttbréf 6–8 sinnum á árinu og hafa það einfalt og ódýrt. Prentun þess kostar 23.000 krónur og er fréttabréfið unnið af stjórn og framkvæmdastjóra. Fréttabréf hefur verið gefið út sex sinnum og sent félagsmönnum en nokkuð skortir á að félagar komi með efni til birtingar. Þegar rafræn samskipti verða komin í gott horf verður fréttbréfið gefið út rafrænt til að spara prentkostnað og stefnt er að því að það verði þegar á seinni hluta næsta árs.

**Félagsheimilið**

Hin stóra ákvörðun stjórnar var að selja skrifstofuhæðina að Síðumúla og gera upp félagsheimilið á efstu hæðinni. Tuttuguogtvær og hálf milljón fengust fyrir hæðina og áætlun um endurbyggingu félagsheimilis með nýrri skrifstofu hljóðar uppá tæpar 30 milljónir. Hefur gengið á ýmsu en allt er þetta að skýrast og þessi endurbygging verður vissulega til að efla innra starf og samheldni félgsmanna.

Mikil áhersla verður lögð á að fá inn í okkar félagsheimili alla þá fyrirlestra og kynningar sem þar rúmast. Verður treyst á að fyrirtæki og aðilar sem tengjast tannlæknum og lækningum okkar á einhvern hátt komi einnig að tæknilegri uppbyggingu salarins og er vert að minna á að afmæli félagsins á næsta ári er tilvalið tækifæri til að gleðja tannlækna og félagsskap þeirra. Salurinn mun rúma 100 manns í fyrirlestrasal en 90 sé um matarveislu að ræða. Auk þess verða skjáir í setustofu og á skrifstofu sem eykur nýtingu til muna ef þannig stendur á. Svokallað móttökueldhús býið öllum nýjustu tækjum og þægindum verður á hæðinni. Skrifstofa félagsins verður götumegin og setustofa verður sem fyrr í austurenda hússins. Svalir verða á húsinu og neyðarútgangur utanaliggjandi. Reykingar verða framvegis ekki leyfðar í félagsheimilinu en stórar svalir munu svala þeim fýsum. Tveir félagar, reyndar báðir fyrrverandi formenn, hafa komið mikið við sögu í þessu endurbyggingarferli. Sigurður Þórðarson hefur farið yfir skjöl og pappíra af skrifstofu veggann flutnionsg og sölu hæðirinnarog Ólafur G Karlsson hefur verkað sem augu og eyru formanns á byggingarstað og gefið góð ráð. Kann ég þeim bestu þakkir og ég tel afar mikilvægt að félagar sem vilja starfa fyrir félagið eigi á því kost og möguleika. Allt slíkt verður þegið með þökkum.

Við það að standa í þessari endurbyggingu og vera á hrakhólum marga mánuði þá er ég sannfærður um að félagið verður ekki rekið í núverandi mynd nema hafa aðstöðu til skrifstofureksturs og fundarhalds. Félagsheimilið mun auk þess vera fullboðlegt öllum skemmtunum og afmælum félagsmanna en samkvæmt ákvörðun þessarar stjórnar verður félagsheimilssalurinn ekki til almennrar útleigu. Aðeins fyrir félagsmenn og þeirra fólk.

# fréttabréf tannlæknafélags íslands

<p>Lög félagsins og siðareglur</p>
------------------------------------

Lög félagsins hafa verið í endurskoðun af hálfu stjórnar sem og siðareglur og verður tillaga að nýjum lögum og siðareglum bornar fram á aðalfundi og er að finna í aðalfundarboði. Það er svo ákvörðun aðalfundar hvernig og hvort einhverjar breytingar verða á þessum ramma um félag okkar, og hvernig þeim verður háttað í næstu framtíð.

<p>Erlend samskipti</p>
<p>Samkvæmt sameiginlegri ákvörðun stjórnar hafa erlend samskipti verið á höndum varaformanns Ingibjargar Benediksdóttur. Mun hún gefa stutta skýrslu um erlend samskipti á aðalfundinum. Sigurður Þórðarson fór á tvo fundi sem hann gerir grein fyrir í útsendum gögnum.</p>
<p>Félagsfundir</p> <p>Félagsfundir voru haldnir 8. desember þar sem Inga B Árnadóttir nýbakaður doktor sagði frá rannsóknum sínum. ....26. jan voru málefni tannlæknaeildar Háskóla Íslands krufin á pallborði....17. feb kom Jón Magnússon lögfræðingur á okkar fund og fræddi okkur um heim múslima.... 10. mars var fjörugur félagsfundur á Akureyri...og 15. maí var gestur okkar Agúst Ólafur Ágústsson alþingismaður og sagði frá þingsályktun sinni um auglýsingar heilbrigðisstétta. Stundum hefur formaður á tilfinningunni að búið sé að samþykkja þessa þingsályktun og lög í anda ályktunarinnar . En þannig er það bara. Fimm félagsfundir hafa því verið haldnir og markast það nokkuð af því að nú er ársþing haldið óvenju snemma en stefnt er að félagsfundum í nóvember og desember</p>
<p>Stjórnarfundir hafa verið tíu á tímabilinu og formaður hefur auk þess komið á fundi með verktökum og byggingaraðilum sem og fasteignasölum og endurskoðendum vegna félagsins.</p>
<p>Fræðslufundur var haldinn 1.september s.l. þar sem Roy Rogers hélt frábæran fyrirlestur fyrir meir en fjórutíu tannlækna.</p>
<p>Störf nefnda</p> <p>Skýrslur nefnda fylgja aðalfundarboði. Verðugt verkefni stjórnar er að koma nefndarmálum í betra horf. Tvær mikilvægar nefndir byggja starf sitt á samning eða samskiptum við opinbera aðila svo augljóslega liggur starf þeirra niðri. Stjórn þakkar nefndarmönnum og væntir þess að menn skorist ekki undan að starfa fyrir félagið. Ekki frekar en endranær.</p>
<p>Aðrir fundir</p> <p>Stjórn og framkvæmdastjóri hittust á vinnufundi að loknum félagsfundi á Akureyri. Var haldið til Húsavíkur og gist þar tvær nætur og farið yfir starfið og málefni félagsins.</p>
<p>Rekstur félagsins</p> <p>Anný Antonsdóttir framkvæmdastjóri félagsins hefur haldið utan um fjármál og rekstur auk þess sem skipulag neyðarvaktar er á hennar herðum. Er öllum ljóst að neyðarvakt verður ekki haldið úti mikið lengur með þessu fyrirkomulagi. Sífellt fækkar þeim sem vilja sinna neyðarþjónustu. Erfitt er að halda vinnuumhverfi í lagi á þessum vöktum og fjöldi tannlækna er auk þess á bakvakt fyrir sína sjúklinga. Þörfin er þó alltaf fyrir hendi og er rétt að skoða hvernig slík þjónusta er innt af hendi í öðrum löndum.</p> <p>Peningaleg staða félagsins er sterk. Vissulega kemur endurbygging félagsheimilsins til með að grynna á sjóðum félagsins en engar skuldir muni hrannast upp.</p>

<p>Tölvumál tannlækna</p>
<p>Tannlæknafélagið verður að hafa djörfung og dug tilað hafa álit á tölvuuppbyggingu tannlækna. Tvöhundruð og áttatíu manna félag getur ekki dagað uppi með landpóstunum þegar elektrónur þeysast um veröldina með upplýsingar og fræðslu. Það er áhyggjuefni að aðeins rúmur helmingur stéttarinnar noti tölvu í störfum sínum. Nú verður það þannig innan nokkurra ára að þeir sem ekki geta tileinkað sér þessa tækni munu ekki geta staðið í venjulegum viðskiptum. Ég hvet tannlækna til að kynna sér hvað er í boði. Nú er nýr aðili að hasla sér völl á forritamarkaðnum og vonandi hleypir það nýju lífi í tölvuuppbyggingu tannlæknastofa.</p> <p>Margir, alltof margir, þeirra sem eiga tölvu til samskipta opna ekki tölvupóst og fara ekki inn á heimasíðu félagsins svo vikum eða mánuðum skiptir. Stjórn félagsins verður að sýna gott fordæmi og því verður hætt að senda út fréttabréf á pappír fyrir lok næsta árs. Félagið mun aðstoða félagsmenn að nálgast tölvuþekkingu og þá tækni ef áhugi er fyrir hendi. Jafnframt verður lögð áhersla á að heimasíðan geti þjónað félagsmönnum sem best.</p>

http://tanski.is

Í Hag og Rekstrarnefnd TFÍ - H&R - voru kosnir á aðalfundi: Börkur Thoroddsen, Halldór Halldórsson, Kristján Víkingsson, og Þorsteinn Sch.Thorsteinsson. Enn-fremur situr formaður TFÍ, Sigurjón Benediktsson í nefndinni. Engir formlegir fundir hafa verið haldnir. Samskipti nefndarmanna fara fram á netinu.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Nýjustu útreikningar á kostnaðargrunni eru frá 26. mars 2006. Ég tel rétt að biðja um sinn með nýjan útreikning þar til jafnvægi kemst á gengi gjaldmiðla. Gengi íslensku krónunar styrkist þessa dagana, eða öllu heldur þá lækkar gengi erlendra gjaldmiðla. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla - SDR - vegur þungt í stofnkostnaði tannlækninga-stofu. Lágt skráð SDR þýðir  svo aftur, að fjármagnskostnaður og afskriftir vega léttara í grunni. Þetta á einnig við um kostnað við endurmenntun. Vegna þessa eru heildar niðurstöðutölur grunnins svipaðar og frá síðasta útreikningi, þrátt fyrir að vísitölur annarra kostnaðarliða hafi hækkað. Þegar ró kemst á gengið mun H&R senda út nýjan útreikning.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Kostnaðargrunninn frá 26. mars 2006 má finna á heimasíðu TFÍ. Skjalið heitir UtrMars2006.xls. Í skjalinu er beint samband (linkar) við flestar breytur þær sem notaðar eru í útreikning–unum. Á heimasíðunni eru einnig eldri skýrslur H&R með ýmsum hagnýtum upplýsingum og leiðbeiningum. Einnig má þar finna aðgerðarskrá TFÍ með skýringum. Verðlagning tannlækna er frjáls. Samráð um gjaldskrá er óheimilt. Útreikningar H&R eru eingöngu leiðbeinandi. Tannlæknar ákveða sjálfir taxa sinn eftir eigin rekstrartölum. Sé stuðst við reikningsskil síðasta árs má reikna til núvirðis eftir vísitölum Hagstofunnar, t.d. vísitölu neysluverðs. Sjá: www.hagstofa.is.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Leiðbeiningar um gerð eigin gjaldskrár eru á heimasíðu TFÍ. Við gerð eigin gjaldskrár er nauðsynlegt að tannlæknar hafi eftirfarandi í huga:

- Launaliður grunnins mælir brúttólaun. Af laununum þarf að greiða skatt og greiða í líffeyris/eftirlaunasjóð.
- Í grunni er hóþryggingin reiknuð inn, en ekki er gert ráð fyrir iðgjaldi af slysa/veikinda/líftryggingu eða söfnunartryggingum í starfslokasjóði.
- Enginn greiðir tannlæknum laun í orlofi og veikindum. Enginn greiðir honum eftirlaun. Enginn afhendir tannlækni starfslokasamning með gullnu handsali, hvað þá gullna fallhlíf.
- Viðvera á stofu er ekki sama og klínískur vinnutími, sem er 1236 stundir á ári. Klínískur vinnutími er sá eini sem tannlæknirinn getur tekið þóknun fyrir. Skróp og afboð þýðir tekjutap með fullum reksturskostnaði. Tannlæknir getur einungis verðlagt klínísk (etv. teknísk) verk sín og þjónustu. Kjósi hann að færa bókhaldið sjálfur er hann launalaus við það.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Útreikningarnir eru einungis framreikningur á grunni sem var í gildi þegar samningur var við TR um fastan taxa. Samanburðar vegna, og svo að ekki sé boðið upp á hártogun um niðurstöður, verði einhverntíma sest að samningaborði, notar H&R nákvæmlega sömu aðferðir við útreikninginn og giltu þegar samningur var í gildi

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Meðan samingur TFÍ og TR frá 15. apríl 1992 var í gildi var til samstarfsnefnd. Eitt af hlutverkum hennar var að endurskoða gjaldskrána reglulega þegar efni, aðferðir og rekstrarliðir breyttust. Einungis ein breyting fékkst. TR féllst á að gufusævir væri nauðsynlegt tæki á tannlækningastofum og að aukinn kostnaður við sótthreinsun og förgun hefði orðið á stofunum. Kostnaðaraukinn skyldi tekinn í grunn í áföngum. Fyrsti hluti, 1,5% hækkun á grunni var tekinn inn 28. des 1995. Síðan ekkert meir.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Samningurinn féll úr gildi hinn 31. okt. 1998. Í kjölfarið funduðu stjórn og gjaldskrár-nefnd stíft og ákváðu að endurskilgreina 3 kostnaðarliði i grunni og taka 15 nýja liði inn. Sem dæmi um þá fyrrnefndu, sem eru blálitaðir í skjalinu UtrMars2006.xls. er að fjármagnskostnaður (liður 23) var reiknaður til raunverðs, 4,9% í stað 2%, og afskriftir (liður 22), 10,5% af stofnkostnaði í stað 8%. Sem dæmi um þá síðarnefndu, sem litaðir eru gulir, eru tryggingar (liður 6a, b og c), orlofs/desemberuppbót tannlæknis (liður 24) og amalgamskiljur sem teknar voru inn í stofnkostnað.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Kostnaðargrunnurinn er ekki hnökralaus. Spyrja má hvort stofnkostnaður stofu sé réttur í grunni. Er hægt að setja upp stofu í leiguhúsnæði með innréttingum, tölvum, tólum og tækjum fyrir 11.4 milljónir? Tækjalistinn er frá árinu 1992. Þá var ekki digitalröntgen svo eitthvað sé nefnt og gufusævir getur kostað kr. 600.000.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Gott væri að fá ábendingar frá þeim sem standa í uppsetningu. Spyrja má hvort rétt sé að miða við „sérhæfða þjónustu – annað sérhæft starfsfólk“ í launakönnun VR og IMG Gallup þegar laun aðstoðarfólks eru reiknuð í grunni. Svarendur í þessum flokki eru fáir - aðeins 24 -, miðgildi heildarlauna  er 232 þús. Og dreifingin frá 200 þús. til 318 þús. Sjá http://www.vr.is Á að miða við starfsmann í fullu starfi og annan í hálfu, eins og nú er, eða eitthvað annað?

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Grunnurinn í mars 2006 sýnir að ársvelta „vísitölustofu" var þá kr. 21.576.934. Rekstrarkostnaður er kr. 13.893.746 á ári. Laun tannlæknis ættu að vera kr. 7.683.188, kr. 640.286 á mánuði. Þetta eru búttólaun. Ef gjaldskrá væri gefin út, sem ekki er leyft skv. Samkeppnislögum, ætti hún að vera 63,46% hærri en gjaldskrá Ráðherra, og tímaeiningin fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur er kr. 2910. Innkoma fyrir hverja klíníska klukkustund þarf að vera kr. 17.460. Þar við bætist aðkeypt tannsmíði, implanthlutir, membrur og gervibein. Ef samningur TFÍ og TR frá 15. apríl 1992 væri enn í gildi óbreyttur, væru þessar tölur 51,86%, tímaeiningin kr. 2703 og innkoma fyrir hverja klíníska klukkustund væri kr. 16.200. Þessar niðurstöður má finna með því að núllstillta gulu tölurnar í dálki M í skjalinu UtrMars2006.xls og breyta lið 22 og 23 til fyrra horfs.

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Eru þetta trúverðugir útreikningar? Kostnaðarhlutinn er skv. útreikningum H&R 64,39% og launahlutinn 35,61%. Við undirritun samnings TFÍ og TR hinn 15. apríl 1992 var hlutfallið 64,76% á móti 35,24%. Á Norðurlöndum þykir hlutfallið, 2/3 kostnaður og 1/3 laun, eðlilegt og algengt er þar að aðstoðartannlæknar séu ráðnir upp á launahlutann. Niðurstaða könnunar, sem gjaldskrárnefnd gerði meðal félagsmanna árið 1997, sýndi að hlutfallið var 65,45% á móti 34,55%. Könnun American Dental Association, vegna áranna 1986 - 1995, sýnir að hlutfall kostnaðar og launa var að meðaltali 66% á móti 34%, sama hlutfall og útreikningarnir sýna nú. Varla er það til–viljun. (Brown, L. J. og Lazar, V.; Trends - Net income, gross billings and practice expenses of independent dentists.; JADA, vol. 129, July 1998, bls. 1031 - 1035).

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þæta má við, að til þess að ná árslaunum þeim sem Ríkisskattstjóri setur tannlæknum vegna reiknaðs endu–rgjalds (flokkur A4) kr. 6.516.000, þarf ársveltan að vera kr. 20.409.746 og inn–koman á hverja unna klíníska klukkustund kr. 16.513. Ríkis-skattstjóri reiknar með 543.000 króna mánaðarlaunum. Sjá heimasíðu Ríkisskattstjóra www.rsk.is. 19. ágúst 2006

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Börkur Thoroddsen

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

## Munið aðalfundinn fimmtudaginn 5. október kl 20:15 í stóra sal Nordica Hotel

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson



Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

# fréttabréf tannlæknafélags íslands

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Þorsteinn Sch.Thorsteinsson

Lög TFI

1. gr.Félagið heitir Tannlæknafélag Íslands (TFÍ). Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.Markmið félagsins er : Að efla samvinnu og einingu á meðal íslenskra tannlækna og gæta réttinda þeirra og hagsmuna. Að sinna þeim málum sem varða störf tannlækna og almenningsheill. Að auðvelda félögum að fylgjast með nýjungum í tannlæknisfræðum og viðhalda og auka menntun sína. Að gefa út Tannlæknablaðið.

3. gr.Eftirtaldr deildir starfa innan félagsins :Tannlæknafélag Norður-lands- Tannréttingafélag Íslands- Félag sérmenntaðra tannlækna- Félag íslenskra barnatannlækna - Félag almennt starfandi tannlækna- Félag um réttartannlæknisfræði- Félag ungra tannlækna

4. gr.Félagsmenn geta þeir orðið, sem lokið hafa prófi í tannlækningum frá Tannlæknadeild Háskóla Íslands eða hafa kandidatspróf í tannlækningum frá öðrum háskólum, sem er sambærilegt að mati Tannlæknadeildar H.Í. Erlendir tannlæknar, sem hlotið hafa tímabundið starfsleyfi geta gerst aukameðlimir á meðan þeir starfa hér. Hafa þeir rétt til fundarsetu án atkvæðisréttar. Sá, sem æskir inngöngu í félagið, skal kynna sér lög þess og siðareglur og gangast undir þau með undirskrift sinni. Leita skal samþykkis næsta félagsfundar fyrir umsókninni. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til TFÍ. Úrsögn skal miðast við fyrsta dag þarnæsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar um úrsög.

5. gr.Félagsfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega á tímabilinu október - maí og skal boðað til þeirra skriflega a.m.k. með viku fyrirvara og dagskrár getið í fundarboði. Félagsfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Aldrei má á félagsfundi leiða til lykta mál, sem ekki er getið í fundarboði. Stjórnin er skyldug til að kalla saman fund, ef 10% skuldlausra féлага krefjast þess.

6. gr. Stjórn félagsins skipa fimm menn kosnir á aðalfundi: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Hverfi formaður frá störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varaformaður sæti hans til næsta aðalfundar. Eigi þetta sér stað á fyrra ári kjörtímabils formanns, skal á næsta aðalfundi kjósa formann til eins árs. Hann má síðan endurkjósa til tveggja ára á þar næsta aðalfundi. Sama regla skal viðhöfð sé um aðra stjórnarmenn að ræða. Í nefndum tilvikum skal kalla síðasta formann til stjórnarstarfa til næsta aðalfundar. Verði ágreiningur innan stjórnar félagsins, þannig að formaður hafi ekki meirihluta við afgreiðslu máls, getur hann boðað til félagsfundar og látið hann taka ákvörðun í málinu eða frestað afgreiðslu málsins til næsta félagsfundar.

7. gr. Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu 15. september til 15. nóvember ár hvert. Félagsfundur getur þó breytt aðalfundartíma, ef sérstaklega stendur á. Til aðalfundar skal boða skriflega með 3ja vikna fyrirvara. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Leggja skal fram á aðalfundi endurskoðaða reikninga félagsins og félagssjóða. Á aðalfundi skal kjósa í stjórn félagsins og skal kosningin vera skrifleg, sé þess óskað. Formaður skal kosinn til tveggja ára en má endurkjósa einu sinni. Aðrir stjórnarmenn eru einnig kosnir til tveggja ára og má endurkjósa þá í stjórn einu sinni. Mann, sem gengur úr stjórn, má þó ávallt kjósa sem formann. Taki maður sem situr í stjórn kjöri til formanns áður en kjörtímabili hans lýkur, skal kosinn í hans stað til eins árs maður, sem síðan má endurkjósa einu sinni. Stjórnarkosning er framkvæmd þannig, að það ár sem formannskjör fer fram eru kosnir ásamt honum varaformaður og meðstjórnandi, en hitt árið ritari og gjaldkeri. Fáí enginn meira en helming greiddra atkvæða, skal kosið aftur um þá tvo er flest atkvæði hlutu. Hlutkesti ræður, ef atkvæði eru jöfn. Aðalfundur getur sett stjórnina af í heild með vantrauststillögu og þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að samþykkja hana. Fari svo skal kjósa formann, varaformann og meðstjórnanda til tveggja ára og ritara og gjaldkera til eins árs með sömu reglum og gilda um endurkjör.

Kosnir skulu 2 endurskoðendur og 1 til vara. Á aðalfundi skal kosið í fastar nefndir, sem starfa á vegum félagsins. Einnig skal kosinn fulltrúi félagsins í tannverndarráð. Félagið getur á aðalfundi kosið heiðursfé- laga og þarf 2/3 atkvæða til samþykktar þess. Ekkert mál má taka til afgreiðslu á aðalfundi nema það hafi verið kynnt í aðalfundarboði. 8. gr.Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar.Árgjaldið greiðist í þrennu lagi með gjalddögum: 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst. Eindagi er 20 dögum eftir hvern gjalddaga. Hafi félagsmaður ekki gert skil á eindaga hverju sinni reiknast dráttarvextir á greiðsluna.Geri félagsmaður ekki full skil ári eftir fyrsta eindaga telst hann ekki félagi fyrr en hann hefur greitt skuld sína að fullu. Nýir félagar, sem ganga í félagið eftir 1. júní ár hvert greiði hálf t árgjald. Árið sem félagsmaður verður sextugur greiðir hann hálf t árgjald, en árið sem félagi verður 67 ára fellur gjaldið niður.

Lög TFÍ   BREYTINGARTILLAGA

1. gr. Félagið heitir Tannlæknafélag Íslands, skammstafað TFÍ . Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Markmið og tilgangur félagsins er :

Að auka lífsgæði almennings með bættri tannheilsu þjóðarinnar Að upplýsa og fræða almenning og heilbrigðisyrivöld um tannlækningar og tannheilsu

Að tryggja tannlæknum og stoðstéttum tannlækna aðgang að fræðslu, nýjungum og menntun í hæsta gæðaflokki Að efla samvinnu og einingu á meðal íslenskra tannlækna og gæta réttinda þeirra og hagsmuna í hvívetna Að efla og tryggja stöðu tannlækna og tannlækninga Að koma fram fyrir hönd tannlækna og aðstoða tannlækna við að veita sem bestu þjónustu Að auðvelda almenningi aðgengi að félagsmönnum og upplýsingum um tannlækna og tannlækningar

Að halda út heimasíðu og gefa út blað helgað tannlækningum Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi tannlækna og efla félagsþroska og kynni félagsmanna Að stuðla að vísindalegri umræðu og rannsóknum innan félagsins og meðal tannlækna

Tannlæknafélag Íslands, 1911

3. gr. Eftirtaldr deildir starfa innan félagsins :

Tannlæknafélag Íslands, 1911

- Tannlæknafélag Norðurlands
- Tannréttingafélag Íslands
- Félag sérmenntaðra tannlækna
- Félag íslenskra barnatannlækna
- Félag almennt starfandi tannlækna
- Félag um réttartannlæknisfræði
- Félag ungra tannlækna

Tannlæknafélag Íslands, 1911

4. gr. Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem lokið hafa prófi í tannlækningum frá Tannlæknadeild Háskóla Íslands eða hafa lokið prófi í tannlæknin- gum frá viðurkenndum háskólum, sem er sambærilegt viðnám og próf við tannlæknadeild Háskóla Íslands og er viðurkennt að mati stjórnar félagsins og Tannlæknadeildar H.Í. Erlendir tannlæknar, sem hlotið hafa tímabundið starfsleyfi heilbrigðis- ráðherra geta gerst aukameðlimir á meðan þeir starfa hér. Hafa þeir rétt til fundarsetu án atkvæðisréttar. Sá, sem æskir inngöngu í félagið, skal kynna sér lög þess og siðareglur og gangast undir þau með undirskrift sinni. Telst hann með því fullgildur félagsmaður en leita skal endanlegrar staðfestingar næsta félagsfundar fyrir félagsaðildinni. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til TFÍ. Úrsögn skal miðast við fyrsta dag þarnæsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar um úrsögn. Til að úrsögn sé tekin gild skal félagsmaður vera skuldlaus við félagið.

5. gr. Félagsfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega á tímabilinu október – maí, eða innan 14 daga frá ósk a.m.k. 10% skuldlausra atkvæðisbærra féлага þar um. Boðað skal til félagsfunda skriflega eða á annan sambærilegan hátt a.m.k. með viku fyrirvara og dagskrár getið í fundar- boði. Félagsfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Félagsstjórn ber ábyrgð á félagsfundum en formaður boðar fundi og ákveður dagskrá í samráði við stjórn. Aldrei má á félagsfundi leiða til lykta mál, sem ekki er getið í fundarboði. Hægt er að koma máli á dagskrá félagsfundar með því að tilkynna það stjórn félagsins og skal þá setja málið á dagskrá næsta félagsfundar eða innan fimm vikna frá því að erindið barst. Fundargerð síðasta félagsfun- dar skal send út til félagsmanna fyrir næsta boðaða félagsfund

6. gr. Stjórn félagsins skipa fimm menn kosnir á aðalfundi: formaður, varafor- maður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi . Stjórn skiptir með sér verkum

Heiðursfélagar greiða ekki árgjöld.Þessi ákvæði breyta þó engu um réttindi og skyldur féлага gagnvart félaginu. Heimilt er stjórninni að lækka félagsgjald um allt að 2/3 ef eftirfarandi ástæður eru fyrir hendi: 1. Veikindi2. Félagi starfar ekki að tannlækningum 3. Dvöl erlendis4. Sérstakar ástæður, sem stjórnin metur hverju sinni. 9. gr.Félagið samþykkir Codex ethicus fyrir stéttina og er hver félags- maður skyldur til að fylgja ákvæðum hans. 10. gr.Gerðardómur skal skipaður fimm undanfarandi formönnum félagsins. Þegar nýr maður tekur sæti skal sá er lengst hefur setið vikja. Gerðardómur sker úr öllum deilum er rísa kunna meðal félagsmanna út af lögum félagsins, Codex ethicus eða öðrum deilum, er snerta tannlæknafélagið sérstaklega. Dæmi gerðardómur féлага brotlega við lög félagsins eða Codex ethicus ákveður dómurinn refsingu. Refsing getur verið áminning, vítur, fjársektir allt að fimmföldu árgjaldi TFÍ eða brottrekstur úr félaginu. 11. gr. Breytingar á lögum þessum má gera á aðalfundi ef 2/3 fundar- manna samþykkja enda hafi þær verið boðaðar í aðalfundarboði. Samþ. með áorðnum breytingum 7. nóvember 2002.

Stjórn félagsins, 1911

á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Tveir varamenn skulu einnig kosnir á aðalfundi. Varamenn skuli boðaðir á stjórnarfundi með tillögu- og umræðurétt .

Hverfi formaður frá störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varaformaður sæti hans til næsta aðalfundar.Varamenn taka sæti í stjórn í þeirri röð er þeir hlutu kjörfylgi. Stjórn félagsins fer með allar ákvarðanir milli aðalfunda og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra eins og aðalfundasamþykktu sem og samþykktu félagsfunda. Stjórn félagsins tekur ákvarðanir sem krefjast tafarlausrar úrlausnar en leggja skal allar slíkar meirihát- tar ákvarðanir undir næsta félagsfund. Stjórn ræður framkvæm- dastjóra og ákvarðar honum starfskjör og starfslýsingu. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd félagsmanna og formaður fyrir hönd stjórnar . Stjórn skal halda sérstaka fundargerðarbók sem vera má á rafrænu formi. Formaður boðar stjórnarfundi og ákveður dagskrá í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra. Tveir stjórnarmenn geta farið fram á stjórnarfund með dagskrá. Stjórnarfundi skal boða með minnst fjögurra sólarhringa fyrirvara., en með minni fyrirvara ef allir stjórnarmenn eru því samþykkir. Formaður stýrir stjórnarfundum og varaformaður í forföllum hans. Stjórnarfundur telst ályktunarfær sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns (varaformanns í forföllum formanns) úrslitum. Varamenn hafa einungis atkvæðisrétt á stjórnarfundum í forföllum aðalmanna.

7. gr. Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu 15. september til 15. nóvem- ber ár hvert. Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald í félaginu. Félagsfundur getur þó breytt aðalfundartíma, ef sérstaklega stendur á. Félagsfund skal ekki halda í þeim mánuði er aðalfun- dur er haldinn. Til aðalfundar skal boða skriflega eða á annan sambærilegan jafntryggan hátt með 3ja vikna fyrirvara. Tillögur sem leggja skal fyrir aðalfund skulu berast stjórn félagsins minnst sautján dögum fyrir boðaðan aðalfund og endanleg dagskrá aðalfundar skal send út sjö dögum eftir boðun aðalfundar. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.Á dagskrá aðalfundar skal vera auk kjörs fundarstjóra:
Inntaka nýrra féлага
Skýrsla formanns
Skýrsla stjórnar og nefnda félagsins
Endurskoðaðir reikningar kynntir og lagðir fram
Lagabreytingar

Kosningar, formanns, stjórnar og tveggja til vara , endurskoðenda og nefndamanna
Ákvörðun um árgjald
Önnur mál löglega fram borin
Kosningar skulu vera skriflegar í hverju tilviki, sé þess óskað. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Formann má endurkjósa fimm ár í röð hið mesta.Fjórir stjórnarmenn eru kjörnir til eins árs í þeirri röð sem atkvæðamagn þeirra segir til um og tveir næstu að atkvæðamagni eru kjörnir varamenn. Gefi ekki fleiri en fjórir kost á sér til stjórnarkjörs skal ný stjórn skipa tvo varamenn stjórnar.

Fái enginn meira en helming greiddra atkvæða í formannskjöri, skal kosið aftur um þá tvo er flest atkvæði hlutu. Hlutkesti ræður, ef atkvæði eru jöfn. Aðalfundur getur sett stjórnina af í heild með vantrauststillögu og þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að samþykkja hana. Fari svo skal kjósa formann og stjórn að nýju, samkvæmt reglum um kjör stjórnar.. Kosnir skulu 2 endurskoðendur og 1 til vara til eins árs í senn. Á aðalfundi skal kosið í fastar nefndir, sem starfa á vegum félagsins. Einnig skal kosinn fulltrúi félagsins í tannverndarráð.Stjórn getur skipað félagsmenn í nefndir og ráð sem ekki er getið í aðalfundarboði og til tímabundinna starfa fyrir félagið.

Félagið getur á aðalfundi kosið heiðursféлага samkvæmt tillögu stjórnar og þarf 2/3 atkvæða til samþykktar þess.

Ekkert mál má taka til afgreiðslu á aðalfundi nema það hafi verið kynnt í aðalfundarboði.

Telju stjórn það nauðsynlegt, eða komi framósk um það frá ¼ atkvæðis- bærra, skuldlausra félagsmanna, skal boðað til aukaaðalfundar á sama hátt og til aðalfundar.

Stjórn félagsins, 1911

8. gr. Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar. Árgjaldið greiðist í þrennu lagi með gjalddögum: 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst. Eindagi er 20 dögum eftir hvern gjalddaga. Hafi félagsmaður ekki gert skil á eindaga hverju sinni reiknast dráttarvextir á greiðsluna. Geri félagsmaður ekki full skil ári eftir fyrsta eindaga telst hann ekki félagi fyrr en hann hefur greitt skuld sína að fullu. Nýir félagar, sem ganga í félagið eftir 1. júní ár hvert greiði hálf t árgjald. Árið sem félagsmaður verður sextugur greiðir hann hálf t árgjald, en árið sem félagi verður 67 ára fellur gjaldið niður og missir félagsmaður þá atkvæðisrétt á félags- og aðalfundum. Þetta á þó ekki við um heiðursfé- laga. Vilji félagsmaður viðhalda atkvæðisrétti sínum eftir 67 ára aldur greiðir hann áfram ½ árgjald. Heiðursfélagar greiða ekki árgjöld.

Stjórn félagsins, 1911

Heimilt er stjórninni að lækka félagsgjald um allt að 2/3 ef eftirfarandi ástæður eru fyrir hendi:

- Veikindi
- Félagi starfar ekki að tannlækningum
- Dvöl erlendis, minnst 4 mánuðir samfelld
- Sérstakar ástæður, sem stjórnin metur hverju sinni

Stjórn félagsins, 1911

9. gr. Félagið samþykkir Codex ethicus fyrir stéttina og er sérhver félagsmaður skyldur til að fylgja ákvæðum hans. Breytingar á Codex er einungis hægt að gera á aðalfundi með samþykki 2/3 atkvæða fundarmanna enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði.

Stjórn félagsins, 1911

10. gr. Gerðardómur skal skipaður fimm síðustu formönnum félagsins. Þegar nýr maður tekur sæti skal sá er lengst hefur setið vikja. Gerðardómur sker úr öllum deilum er rísa kunna meðal félagsmanna út af lögum félagsins, Codex ethicus eða öðrum deilum, er snerta tannlæknafélagið sérstaklega. Dæmi gerðardómur féлага brotlega við lög félagsins eða Codex ethicus ákveður dómurinn refsingu. Refsing getur verið áminning, vítur, fjársektir allt að fimmföldu árgjaldi TFÍ eða brottrekstur úr félaginu.

Stjórn félagsins, 1911

11. gr. Breytingar á lögum þessum má gera á aðalfundi ef 2/3 fundarmanna samþykkja enda hafi þær verið boðaðar í aðalfundarboði. 12. grein

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún sæta sömu meðferð og tillaga að lagabreytingu, sbr. 11. grein. Á þeim fundi skal þá jafnframt tekin ákvörðun um hvernig farið skuli með eignir og skuldir félagsins. Allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt ef slík tillaga kemur fram.

Stjórn félagsins, 1911

Tillaga að breytingum á aðalfundi 5. október 2006.